

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og nýta hana til hagsbóta fyrir félagið. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, og fer með öll mál, er félagið varða, milli aðalfunda, sér um fjárreiður þess og framkvæmdir. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl—maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Selár og Hraundalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Selár og Hraundalsár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Selá og Hraundalsá, en þær eru: Skjaldfönn, Ármúli I, Ármúli II, Melgraseyri, Laugarás, Laugarholt, Laugaland, Laugalandssel, Hraundalur.

4. gr.

Tilgangur félagsins er að viðhalda og auka fiskigengd á félagssvæðinu svo og að selja veiði eftir því sem félagsfundur ákveður.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til 2ja ára í senn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi deildarstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Aðalfund skal halda í júní eða júlí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsfemi þess á næsta ári. Þá skal hún og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundur um þá.

8. gr.

Félagið skal starfa í tveim deildum, skal önnur deildin vera fyrir Selá, en hin fyrir Hraundalsá. Skal hver deild hafa algera sérstjórn er snertir ræktun, sölu á veiði og fjárhag. Skulu deildirnar kjósa sér stjórn og endurskoðendur á sama hátt og aðalfélagið.

9. gr.

Deildirnar skulu hafa skilað greinargerð um starfsemi sína til stjórnar aðalfélagsins a. m. k. viku fyrir aðalfund, svo og öðrum skýrslum eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma.

10. gr.

Reikningsár félagsins og deilda þess skal vera almanaksárið. Stjórnnum ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og færa skrá yfir aðsend bréf og geyma frumrit þeirra.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn skv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.